

# GJALDSKRÁ

## Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs.

### Byggingarleyfis- og þjónustugjöld

### byggingarfulltrúa

#### 1. gr.

##### Gildissvið

Gjaldskrá byggingarfulltrúa gildir um meðferð leyfa sem embættið veitir, ásamt þjónustu og eftirliti sem embættið sinnir á starfssvæði sínu sem eru sveitarfélögin Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur.

#### 2. gr.

##### Meginreglur

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að sá aðili sem sækir um byggingarleyfi, óskar eftir þjónustu eða sætir eftirliti af hálfu byggingarfulltrúa skuli greiða þann kostnað sem leyfisveiting, þjónusta eða eftirlit hefur í för með sér sbr. 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna umsýslu málsins, móttöku þess, yfirferð aðal- og séruppráttu, útmælingar, úttektir, útgáfu vottorða og skráningarvinnu sem og nauðsynlegra auglýsinga og kynningar sem afgreiðsla málsins kann að fela í sér. Jafnframt skal umsækjandi greiða fyrir aðra þá þjónustu sem embætti byggingarfulltrúa veitir skv. þessari gjaldskrá.

#### 3. gr.

##### Innheimta gjalda

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. skal innheimta gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá fyrir hönd aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins.

Byggingarleyfisgjöld skiptast í afgreiðslugjald annars vegar og eftirlits- og yfirferðargjald hins vegar. Afgreiðslugjaldið skal endurspegla kostnað embættisins við móttöku erindisins, skráningu þess og skjalavistun, yfirferð aðaluppráttu og annarra gagna sem nauðsynleg eru fyrir ákvarðanatöku á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. Greiðsla afgreiðslugjalds er óafturkræft þótt erindi sé synjað eða það dregið til baka ef vinna byggingarfulltrúa hefur átt sér stað og málið tekið fyrir á afgreiðslufundi. Eftirlits- og yfirferðargjald skal endurspegla kostnað embættisins við útgáfu byggingarleyfis eftir afgreiðslufund byggingarfulltrúa. Í því felst yfirferð séruppráttu, raflagnauppráttu, áritun og stimplun teikninga, útgáfa byggingarleyfis, útsetning húss á byggingarstað, lögbundið eftirlit með byggingarframkvæmdum s.s. stöðuskoðanir, öryggis- og lokaúttektir ásamt skráningu húss hjá Þjóðskrá Íslands. Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda miðast við **eina** yfirferð hönnunargagna.

Gjaldskrá byggingarleyfisgjalda miðast við þann áætlaða tímafjölda sem fer í hvern verkþátt og myndar þannig þau viðmiðunarverð sem birtast í þessari gjaldskrá. Akstur byggingarfulltrúa vegna málsins er innifalinn í gjöldum. Ef tími byggingarfulltrúa er verulega umfram áætlaðan tímafjölda eða kostnaður vegna aðkeyptrar vinnu er hærri en áætlað var vegna umfangs verksins, er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald byggingarfulltrúa sem er **14.491 kr/klst.**, eða gjald skv. reikningi vegna aðkeyptrar vinnu. Heimilt er að gera sérstakan skriflegan samning um kostnað og útfærslu byggingareftirlits í viðameiri framkvæmdum, s.s. fyrir hús stærra en 2.000 m<sup>2</sup> og sérhæfð mannvirki sem almenningi er ætlað að eiga aðgengi að.

Ef umsókn um byggingarleyfi samræmist ekki gildandi skipulagi er erindi hafnað eða það sent til skipulagsfulltrúa til meðferðar, sem þá innheimtir skv. sinni auglýstu gjaldskrá fyrir þann hluta sem að honum snýr og verða þau gjöld eftir atvikum innheimt samtímis byggingarleyfisgjaldi.

4. gr.  
Gjalddagi

Byggingarleyfisgjald, þ.e. afgreiðslugjald og eftirlits- og yfirferðargjald, skal alla jafna innheimt saman með einum reikningi að loknum afgreiðslufundi byggingarfulltrúa þar sem viðkomandi mál var afgreitt. Í stærri framkvæmdum eða ef umsækjandi veit að framkvæmdir hefjast ekki strax þrátt fyrir samþykkt byggingaráform, er heimilt ef umsækjandi óskar eftir, að skipta innheimtunni þannig að aðeins afgreiðslugjald sé innheimt að loknum afgreiðslufundi og eftirlits- og yfirferðargjald sé innheimt síðar. Eftirlits- og yfirferðargjald skal þó undantekningalaust vera að fullu greitt áður en byggingarleyfið sjálft er gefið út. Gjald vegna stöðuleyfa skal greitt áður en stöðuleyfi er útgefið. Önnur þjónustugjöld skulu greiddast samhliða því að verk er unnið.

5. gr.  
Byggingarleyfisgjald

	Afgreiðslu- gjald:	Eftirlits- og yfirferðar- gjald:	Samtals:
Endurútgefið byggingarleyfi, gögn óbreytt og aðrar minniháttar breytingar og framkvæmdir: <sup>1</sup>	61.586 kr. -	0 kr. -	61.586 kr. -
Íbúðarhús, einbýli, sumarhús:	94.191 kr. -	217.363 kr. -	311.554 kr. -
Raðhús, parhús:	112.304 kr. -	318.799 kr. -	431.104 kr. -
Þjónustuhúsnæði (skrifstofu-verslunar-gistihúsnæði): 41 - 150 m <sup>2</sup> :	94.191 kr. -	210.118 kr. -	304.309 kr. -
Þjónustuhúsnæði (skrifstofu-, verslunar-, gistihúsnæði, hótell), 151-500 m <sup>2</sup> :	159.400 kr. -	431.104 kr. -	590.503 kr. -
Þjónustuhúsnæði (skrifstofu-, verslunar-, gistihúsnæði, hótell), 501 – 1.000 m <sup>2</sup> :	210.118 kr. -	510.804 kr. -	720.921 kr. -
Þjónustuhúsnæði (skrifstofu-, verslunar-, gistihúsnæði, hótell), 1.001 – 2.000 m <sup>2</sup> :	224.609 kr. -	597.749 kr. -	822.358 kr. -
Fjölbýlishús 2 – 4 hæðir:	166.645 kr. -	554.276 kr. -	720.921 kr. -
Fjölbýlishús, 5 hæðir og hærrí:	217.363 kr. -	619.485 kr. -	836.848 kr. -
Aukahús á lóð og viðbygging, 40 m <sup>2</sup> eða minni, tilkynningarskyldar framkvæmdir sbr. gr. 2.3.5 og 2.3.6 í byggingarreglugerð:	57.964 kr. -	65.209 kr. -	123.172 kr. -
Önnur hús og viðbyggingar, 40 m <sup>2</sup> eða minni, sem þarfnast byggingarleyfis:	57.964 kr. -	105.059 kr. -	163.022 kr. -
Önnur hús og viðbyggingar, 41 – 150 m <sup>2</sup> , s.s. geymslur, iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar, gripahús, vélageymslur, eldri hús flutt á milli lóða	79.700 kr. -	199.250 kr. -	278.949 kr. -
Önnur hús og viðbyggingar, 151 – 500 m <sup>2</sup> s.s. geymslur, iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar, gripahús, vélageymslur:	101.436 kr. -	253.590 kr. -	355.027 kr. -
Önnur hús og viðbyggingar, 501 – 1.000 m <sup>2</sup> , s.s. geymslur, iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar, gripahús, vélageymslur:	137.663 kr. -	351.404 kr. -	489.067 kr. -
Önnur hús og viðbyggingar 1.000 - 2.000 m <sup>2</sup> , t.d. geymslur, iðnaðarhúsnæði og landbúnaðarbyggingar, gripahús, vélageymslur:	166.645 kr. -	394.877 kr. -	561.522 kr. -
Takmarkað byggingarleyfi / graftraleyfi:	28.982 kr. -	32.604 kr. -	61.586 kr. -
Óeinangraðar skemmur og gróðurhús allt að 1.000 m <sup>2</sup> :	79.700 kr. -	184.759 kr. -	264.459 kr. -
Óeinangraðar skemmur og gróðurhús 1.001 – 5.000 m <sup>2</sup> :	101.436 kr. -	231.854 kr. -	333.290 kr. -
Meiriháttar breytingar á innra skipulagi atvinnu-, iðnaðar-, og þjónustuhúsnæðis:	68.832 kr. -	101.436 kr. -	170.268 kr. -
Breyting á innra skipulagi, íbúðarhús, sumarhús:	39.850 kr. -	61.586 kr. -	101.436 kr. -
Breyting á notkun húsnæðis:	65.209 kr. -	76.077 kr. -	141.286 kr. -
Loftnet, girðingar, breyting á klæðningu utanhúss:	61.586 kr. -	0 kr. -	61.586 kr. -
Niðurrif – afskráning fasteigna:	10.868 kr. -	8.695 kr. -	19.563 kr. -

<sup>1</sup> Á eldri samþykktum byggingaráformum eða útgefnum byggingarleyfum sem fallin eru úr gildi en óskað er eftir endurnýjun á, skal eftir atvikum greiddast mismunur á núverandi gjaldskrá og því sem áður var greitt.

6. gr.  
Úttektir

Stöðuúttekt, s.s. vegna byggingarstjóra-/iðneistaraskipta:	28.982 kr. -
Endurtekin lokaúttekt:	28.982 kr. -
Úttekt vegna rekstrarleyfis – ásamt vottorði:	14.491 kr/klst.
Gjald fyrir hvert útkall ef verkið er ekki úttektarhæft:	14.491 kr. -

7. gr.  
Stöðuleyfi og auglýsingaskilti

	Afgreiðslu- gjald:	Eftirlits- og yfirferðar- gjald:	Samtals:
Stöðuleyfi vegna gáma, hjólhýsa, báta o.fl., að hámarki til 12 mánaða:	18.114 kr. -	18.114 kr. -	36.227 kr. -
Stöðuleyfi fyrir sumarhús í smíðum, ætlað til flutnings, að hámarki til 12 mánaða:	50.718 kr. -	52.167 kr. -	102.885 kr. -
Leyfisgjald fyrir stök auglýsingaskilti, að hámarki til 12 mánaða:	61.586 kr. -	0 kr. -	61.586 kr. -

8. gr.  
Önnur þjónustugjöld

Auka útsetning lóðar/húss, gjald pr. mælingu:	28.982 kr. -
Hver endurskoðun séruppráttu, (kr./klst.):	14.491 kr/klst.
Yfirferð teikninga ef umfram hefðbundið, (kr./klst.):	14.491 kr/klst.
Gjöld vegna aðkeyptar vinnu við yfirferð séruppráttu, (stærri verkefni):	skv. reikn.
Yfirferð og staðfesting eignaskiptayfirlýsingar, 2 – 4 eignir:	43.473 kr. -
Yfirferð og staðfesting eignaskiptayfirlýsingar, 5 – 15 eignir:	57.964 kr. -
Yfirferð og staðfesting eignaskiptayfirlýsingar, 16 – 49 eignir:	72.454 kr. -
Yfirferð og staðfesting eignaskiptayfirlýsingar, 50 eignir eða fleiri:	86.945 kr. -

9. gr.  
Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð gjalda

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð sem við á og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar skv. 53 gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Samþykkt byggingaráform falla úr gildi hafi byggingarleyfi ekki verið gefið út innan 2ja ára frá samþykkt þeirra á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa. **Byggingarleyfi gildir í 12 mánuði frá útgáfu.** Umsækjandi getur óskað eftir endurgreiðslu eftirlits- og yfirferðargjalds ef hætt hefur verið við framkvæmdir en afgreiðslugjald er óafturkræft þó hætt hafi verið við framkvæmdir.

Gjaldskrá þessi er sett fram með tilvísun í heimild í 51. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Innheimta skal byggingarleyfisgjöld áður en byggingarleyfi er gefið út sbr. 53. gr. í lögum um mannvirki nr. 160/2010. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Gjöld samkvæmt þessari gjaldskrá miðast við launavísitölu í janúar 2021, 778,6 stig og breytast þau þann 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni og gilda þau til loka viðkomandi almanaksárs.

Eldri gjaldskrá embættisins nr. 733/2016 fellur úr gildi við gildistöku nýrrar.

**Laugarvatni, 18. ágúst 2021**

**Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi**

Gjaldskrá þessi var samþykkt af stjórn Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita þann 10. mars 2021 og staðfest af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna á eftirfarandi sveitarstjórnarfundum:

Ásahreppur, dags 19 maí 2021	Bláskógabyggð, dags 19. mars 2021	Flóahreppur, dags 13. apríl 2021
Grímsnes – og Grafningshreppur, dags 21. apríl 2021	Hrunamannahreppur, dags 08. apríl 2021	Skeiða- og Gnúpverjahreppur, dags 24. mars 2021

**Gjaldskrá þessi tók gildi þann 1. september 2021 með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.**

**Gjaldskráin hefur verið uppfærð miðað við 1. janúar 2022 – og tekur mið af launavísitölu nóvembermánaðar 2021 – 805,9 stig.**